



Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins

Fundargerð

58. fundur svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins var haldinn föstudaginn 17. apríl 2015 kl. 8:00 í félagsheimilinu Fagralundi við Furugrund í Kópavogi.

Mættir:

Reykjavík:

Hjálmar Sveinsson

Kópavogsbær:

Sverrir Óskarsson og Ása Richardsdóttir

Hafnarfjarðarbær:

Guðlaug Kristjánsdóttir

Garðabær:

Sigurður Guðmundsson og Steinþór Einarsson

Mosfellsbær:

Bryndís Haraldsdóttir og Ólafur Ingi Óskarsson

Seltjarnarnesbær:

Bjarni Torfi Álfþórsson og Stefán Bergmann

Kjósarhreppur:

Einnig sat fundinn Hrafnkell Á. Proppé, svæðisskipulagsstjóri sem ritaði fundargerð.

Formaður, Hjálmar Sveinsson, setti fund og stýrði.

1. **Þróunaráætlun höfuðborgarsvæðisins 2015-2018**

Tillaga að fyrri hluta þróunaráætlunar höfuðborgarsvæðisins 2015-2018 var lögð fram. Í henni kemur fram að sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu gera ráð fyrir að 7.500 nýjar íbúðir verði fullbúnar á næstu fjórum árum. Jafnframt sýna greiningar á stöðu húsnæðismarkaðarins að nú vanti um 1.200 íbúðir á markaðinn til að hann sé í jafnvægi. Áform sveitarfélaga munu mæta fjölgun íbúa næstu fjögur árin m.t.t. mannfjöldaspár. Greining þróunaráætlunar dregur einnig fram að leiða má líkum að því að staðan á íbúðamarkaðnum sé farin að hamla eðlilegum vexti höfuðborgarsvæðisins og að húsnæðismarkaðurinn sé ekki að mæta þörf ungs fólks sem er að stíga sín fyrstu skref í húsnæðismálum nægjanleg vel.

Þróunaráætlun dregur einnig fram að upplýsingar um stöðu og þróun húsnæðismarkaðarins eru af skornum skammti og ná ekki að þjóna sveitarfélögum né þróunaraðilum.

Niðurstæða:

Svæðisskipulagsnefnd telur að fyrirliggjandi áform um íbúðauppbygginu séu í góðu samræmi við fyrirsjáanlega markaðspörf. Nefndin leggur til við sveitarfélögin að þau taki mið af þróunaráætluninni í sínum aðgerðum í skipulags- og byggingarmálum.

Jafnframt bendir svæðisskipulagsnefnd á mikilvægi þess að gripið sé til samræmdra aðgerða sveitarfélaga, ríkis og byggingaraðila til að mæta þörf þeirra sem eru að stíga sín fyrstu skref á húsnæðismarkaðnum sem kaupendur eða leigjendur.

Svæðisskipulagsnefnd áréttar mikilvægi þess að fylgst verði með framvindu húsnæðismarkaðarins og þannig að hægt sé að bregðast við í tíma verði þróunin önnur en áætlanir sýna. Mikilvægt er að sveitarfélögin tryggi að svæðisskipulagsnefnd og skrifstofa SSH hafi bolmagn til að sinna því hlutverki sínu í samræmi við markmið 1.2 og 6.1 í tillögu að nýju svæðisskipulagi.

Fundi slitið kl. 8:30.